

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 29. stjórnarfundar, haldinn 10. maí, 2024 í Borgartúni 26, kl. 12:00-15:20.

Mætt voru: Óskar Jósefsson, Hermann Hermannsson, Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Aron Kári Ágústsson og Dagný Lísa Davíðsdóttir sátu fundinn.

Örn Viðar Skúlason tók ekki þátt í ákvörðun um kaup á einn eign vegna vanhæfis. Hermann Hermannsson tók ekki þátt í ákvörðun um kaup á einni eign vegna vanhæfis.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð

Fundargerð 28. fundar samþykkt.

2. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna

Á fundinum voru kynntar tillögur framkvæmdastjóra um kaup á 3 fasteignum í Grindavík. Um er að ræða eignir þar sem mistök höfðu orðið við gerð umsóknar. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í öllum tilvikum. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

3. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna

Á fundinum voru kynntar tillögur framkvæmdastjóra um kaup á fimm fasteignum (sex fasteignanúmer) í Grindavík sem höfðu kallað á nánari skoðun. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri öllum tilvikum. Í einu tilviki var um að ræða umsókn um sölu á húsi sem var skráð með tvö fastanúmer. Stjórn tók til skoðunar skýringar umsækjanda á því að í reynd væri um að ræða eitt heimili sem nýtt væri af einni fjölskyldu. Stjórn taldi því skilyrði til að víkja frá skilyrði um að umsækjendur ættu lögheimili í öðrum eignarhlutanum. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

4. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna – frávik vegna lögheimilis

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögur um kaup á 20 eignum þar sem óskað er eftir undanþágu frá skilyrði laga nr. 16/2024, um að umsækjandi hafi átt lögheimili í húsnæðinu 10 nóvember 2023. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laganna um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að ekkert væri við ástand húsanna að athuga m.t.t. kaupa félagsins. Í einu tilviki voru kaup samþykkt með fyrirvara um að afsal af hálfu fyrri seljenda þurfti að liggja fyrir áður en félagið gerir kaupsamning. Í einu tilviki voru kaup samþykkt án fyrirvara. Í öðrum tilvikum var framkvæmdastjóra falið að afla nánari upplýsinga um lögheimili umsækjanda eða kalla eftir nánari skýringum frá umsækjanda með fyrirspurnarbréfi þar sem óskað er eftir upplýsingum um þær tímabundnu aðstæður sem skyra að hann hafi ekki uppfyllt það skilyrði laganna að eiga lögheimili í íbúðarhúsnæðinu 10. nóvember 2023. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.


5. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna – umsóknir sem bárust í apríl

Á fundinum voru kynntar tillögur framkvæmdastjóra um kaup á 17 fasteignum í Grindavík. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í öllum tilvikum. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

6. Önnur mál

Næsti fundur verður mánudaginn 13. maí kl. 11:30.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 15:20.


Óskar Jósefsson
Guðrún Þorleifsdóttir